

1. fundur stjórnar FORMA skólaárið 2015-2016

Haldinn þriðjudaginn 14. september 2015 kl. 16:30 í Meistarastofu.

Mætt voru: Ragnheiður Halldórsdóttir, Ester Stefánsdóttir, Jóhanna M. E. Matthíasdóttir, Adda Laufey Egilsdóttir, Arne Vagn Olsen, Erla Sigurðardóttir og Heimir Haraldsson námsráðgjafi.

1. Heimir hóf fundinn og kynnti stjórn FORMA skólaárið 2015-2016, hana skipa:

Ester Stefánsdóttir, esterstefans@gmail.com

Jóhanna M. E. Matthíasdóttir, hyggjuvit@gmail.com

Ragnheiður Halldórsdóttir, ragnhh@hotmail.com

Adda Laufey Egilsdóttir, dettifoss@icloud.com

Arne Vagn Olsen, seljalandi@gmail.com

Ásdís Elva Helgadóttir, asdiselva@akureyri.is

Erla Sigurðardóttir, hofdavegur22@simnet.is

Þá hefur Heimir Haraldsson hafið störf sem námsráðgjafi við skólann og mun verða tengiliður stjórnar og sitja fundi hennar.

2. Stjórn skipti með sér verkum og tók Ester Stefánsdóttir við sem formaður og Jóhanna M. E. Matthíasdóttir verður aftur ritari. Þá tók Ragnheiður Halldórsdóttir við sem gjaldkeri og Erla Sigurðardóttir mun taka við sem fulltrúi í skólanefnd.
3. Árlegar skálaferðir nýnema, sem hefjast fimmtudaginn 25. september n.k.. Manna þarf innheimtu á ferðakostnaði og skipti stjórn með sér umsjón með innheimtu á ferðadögum. Gott er að mæta tæplega klukkustund fyrir brottför, um kl. 12:15, til að nálgast bekkjarlista, leiðbeiningarblöð fyrir foreldra sem fylgja í ferðina, tuskur og viskastykki til fararinnar og umslag fyrir innheimtu hjá ritara. Nemendur þurfa að greiða gjaldið áður en ferð hefst og merkja þarf við viðkomandi á bekkjarlistann sem síðan fylgir innheimtufé í umslagi. Benda má á hraðbanka við Kvosina sé farareyrir ekki meðferðis og fjármálastjóri getur svo tekið við umslaginu til varðveislu. Gjaldkeri mun í framhaldi sjá um uppgjör ferðakostnaðar.

Uppsetning ferða verður með sama sniði og undanfarin ár að því undanskyldu að Gunnlaugur V. Guðmundsson mun taka að sér hópefli í ferðunum.

4. Ákveðið að stjórn FORMA fundi að jafnaði einu sinni í mánuði í vetur og þá alla jafna fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Teknar voru ákvarðanir um fundi til áramóta og verða þeir 8. október, 5. nóvember og 3. desember.
5. Rætt var um samkomulag milli FORMA og Skólafélagsins Hugins og farið var yfir drög þess. Efni þess er í samræmi við fyrri samninga milli FORMA og nemendafélagsins um samkomur. Ester og Arne ætla að yfirfara samkomulagið og koma með tillögu til að leggja fyrir Skólafélagið.
6. Rætt var um bréf til salareigenda og umsjónarmanna líkt og gert hefur verið síðastliðin ár. Var því velt upp hvort rétt væri að senda slíkt bréf, þá að endurskoða innihald bréfsins og einnig hvort betra væri að senda það út á hverri önn fremur en einu sinni á ári. Verður bréfið skoðað af öllum stjórn í fram að næsta fundi og þá tekin ákvörðun um útsendingu.
7. Rætt var um hugmynd um málþing sem sprottin er úr samráði við Skólafélagið Huginn og ákveðið að stefna á að halda það í fyrri hluta nóvember, eða á bilinu 5. - 15. nóvember. Endanlega dagsetning verður ákvörðuð í samráði við skólameistara. Þau umræðuefni sem urðu fyrir valinu eru tvö, fjármálalæsi og vímuefni. Unnið verður að undirbúningi málþings fram að næsta fundi, Arne og Jóhanna munu taka að sér að hafa samband við valda aðila vegna framsögu.
8. Arne benti á að fara þarf yfir lög félagsins eins og þau koma fram á vef skólans, laga innsláttarvillur og skoða framsetningu. Jóhanna tekur það að sér.
9. Tryggja þarf uppfærslu á póstlista stjórnar, Jóhanna athugar það mál.
10. Rætt var um að skoða gæðamat skólans og fageinkunnir á starfi. Verður það skoðað nánar.

Þar með er efni fundar upptalið. Næsti fundur verður fimmtudaginn 8. okt. kl. 16:30 í Gamla skóla.

Fundargerð ritaði Jóhanna M. E. Matthíasdóttir.